



eTwinning SCHOOL

MARKMIÐ OG ILGANGUR

eTwinning skólar eru í forystuhlutverki í eTwinning. Stjórnendur og kennarar í eTwinning skólum hafa átt sig á mikilvægi og gildi eTwinning samstarfs og felld það inn í **nám í skólanum, starfsemi hans og starfþróun.**

Í eTwinning skólum **vinna kennarar saman að því að miðla styrkleikum sínum og gera þannig námið betra og fjölbreyttara fyrir alla.**

eTwinning skólar eru **fyrirmyndir** fyrir aðra skóla þar sem þeir hvetja og styðja aðra skóla að ná enn betri árangri. Þannig tryggja þeir að staðið sé við loforð um áframhaldandi þróun og breytingar í menntun og að vel sé hugsað um uppvöxt ungs fólks svo það verði **öflugir einstaklingar, betri nemendur og betri og virkari þjóðfélagsþegnar.**

eTwinning skólar deila forystunni

Í eTwinning skólum er forystunni deilt, bæði ábyrgð á skipulagi sem og ákvarðanatöku. Skólastjóri og kennarar átt sig á möguleikunum sem felast í eTwinning, bæði hvað varðar kennslufræðilega og faglega nálgun, og hvetja allt starfsfólk til þátttöku og samstarfs í eTwinning.

eTwinning skólar eru leiðandi í samstarfi, samnýtingu og samvinnu

Kennarar í eTwinning skólum vinna saman sem teymi við skipulagningu eTwinning og annarra kennslufræðilegra verkefna, og deila reynslu og aðferðum með samstarfsfólki sínu innan og utan skólans. Þeir vinna saman að eTwinning aðgerðaáætlun sem þeir nota til að drífa áfram nýjungar og breytingar í sínum skóla og öðrum.

Nemendur í eTwinning skólum eru fulltrúar breytinga

Nemendur gegna líka hlutverki í þróun eTwinning skóla. Þeir mæla með eTwinning við kennara (bæði fyrir þá sem nú þegar taka þátt og þá sem ekki hafa skráð sig) sem og foreldra. Þeir eru bæði drifkraftur og álitsgjafar fyrir nýjungar í kennslufræði og notkun nýjustu tækni í kennslu.

eTwinning skólar eru fyrirmyndir fyrir aðra skóla

eTwinning skólar gegna hlutverki sendiherra gagnvart öðrum skólum í sínu nærumhverfi. Þeir mæla á virkan hátt með eTwinning og dreifa árangri sínum á eins fjölbreyttan hátt og þeir geta, t.d. með því að skipuleggja opið hús, upplýsingafundi og að vera leiðbeinendur fyrir aðra. Þeir taka virkan þátt í að skapa möguleika á starfsþróun sem aðrir nágrannaskólar geta tekið þátt í.

eTwinning skólar eru skapandi menntastofnanir þar sem tekið er á móti öllum nemendum

Í eTwinning skólum er tekið á móti öllum nemendum á hvaða námsstigi sem er. Þar er á virkan hátt leitast við að gera umhverfið vinsamlegt fyrir nemendur án tillits til getu þeirra eða menningaruppruna. Sömuleiðis fyrir foreldra þeirra og samfélagið í heild. Kennarar í eTwinning skólum taka þátt í að þróa skólann sem menntastofnun. Þeir nota eTwinning til að styðja við og framfylgja námskránni með því að nota nýjustu kennsluáferðir. Til að mynda er boðið upp á margskonar og ólíkar námsáferðir, samvinnu við námið, nemendamiðaða kennslu og sveigjanleika hvað varðar hvar og hvenær námið er stundað.

